




Vinnueftirlit ríkisins
Bíldshöfða 16
110 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 126/2574
komudagur 9.5.2001
Janúar 2000

Helstu áhersluatriði og nýmæli í reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglunga



Reglugerðin tekur til vinnu einstaklings undir 18 ára aldri en áður var miðað við 16 ára aldur. Reglugerðin tekur ekki til hættulausrar, tilfallandi vinnu við heimilisaðstoð á einkaheimili atvinnurekanda eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum.

Ungmenni merkir í reglugerðinni einstakling undir 18 ára aldri.

Barn merkir einstakling undir 15 ára aldri eða þann sem er í skyldunámi.

Unglingur merkir einstakling 15–17 ára og er ekki lengur í skyldunámi.

Almennt er vinna unglunga leyfð nema þar sem sérstaklega er tekið fram í viðaukum reglugerðarinnar (viðaukum 1–3) að hún sé bönnuð. Hins vegar er vinna 13 og 14 ára barna almennt bönnuð nema þar sem sérstaklega er tekið fram í viðauka reglugerðarinnar nr. 4 að hún sé leyfð, þ.e. að um sé að ræða starf af léttara tagi.

Vinna barna yngri en 13 ára er almennt bönnuð.

Hér á eftir verður stiklað á því helsta í reglugerðinni.

Dæmi um vinnu sem ungmenni mega ekki vinna við (sjá viðauka 3)

1. Vinna ungmenna, þar sem líkamlegum eða andlegum þroska ungmenna getur verið hættu búin, s.s. vegna ofbeldis, er ekki leyfð nema þau starfi með fullorðnum yfir 18 ára aldri. Þetta á t.d. við um störf í söluturnum, söluskálum, á myndbandaleigum, skyndibitastöðum, bensínstöðvum og sambærilegum stöðum þar sem verslun fer fram (sjá 13. gr. reglugerðarinnar).
2. Einstaklingsbundin ákvæðisvinna þar sem vinnuhraðinn ræðst af vélbúnaði.
3. Forðast skal að láta ungmenni lyfta þyngri byrðum en 12 kg að jafnaði, þó aldrei þyngri byrðum en 25 kg. Sjá auk þess ákvæði um vinnu barna.
4. Vinna með villt eða skaðvænleg dýr. Þó mega ungmenni vinna með ótamin húsdýr undir umsjá hæfs einstaklings.

Vinna sem er bönnuð börnum (sjá V. kafla og viðauka 4)

Eins og áður hefur komið fram er vinna 13 og 14 ára barna almennt bönnuð nema hún sé sérstaklega talin upp og skilgreind sem starf af léttara tagi í viðauka 4. Minnt skal á að vinna barna yngri en 13 ára er almennt bönnuð, sjá þó kaflann *Vinna ungmenna á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga* á 4. síðu þessa bæklingis.

Vinna sem er leyfð börnum (sjá viðauka 4)

Við neðangreind störf skal almennt gæta að því að skólasókn barna raskist ekki. Forðast skal að láta börn lyfta þyngri byrði en 8-10 kg nema þar sem viðeigandi hjálparbúnaður er notaður, t.d. hjólavagnar.

1. Létt fóðrun, hirðing og gæsla dýra.
2. Létt garðyrkjustörf (þ.m.t. í skólagörðum) og uppskerustörf án véla.
3. Hreinsun á rusli.
4. Létt störf við fiskvinnslu, t.d. létt röðun eða flokkun án véla.
5. Létt störf í sérværslunum og stórmörkuðum að frátalinni vinnu við greiðslukassa.
6. Málningarvinna og fúavörn með umhverfisvænum efnum, þó ekki sprautumálun.
7. Létt sendisveinastörf, t.d. með dagblöð og auglýsingar. Sala dagblaða, blað- og póstburður.

Vinnutími barna og unglunga (sjá VII. og IV. kafla)

Frekari takmarkanir eru settar á vinnutíma barna og unglunga en fullorðna. Helstu ákvæðin eru:

Um vinnutíma unglunga

Unglingar mega vinna 8 klst. á dag og 40 klst. á viku.

Þeir mega ekki vinna á tímabilinu frá kl. 22–6 og þeir skulu fá minnst 12 klst. samfellda hvíld á sólarhring og minnst 2ja daga hvíld á hverju 7 daga tímabili (sunnudagur innifalinn). Í reglugerðinni eru í vissum tilvikum undanþágur frá þessum meginreglum. Sem dæmi má nefna næturvinnu, sem heimiluð er við ákveðin störf, en þá skal unglingur eiga rétt á heilbrigðisskoðun nema unnin sé næturvinna í undantekningartilvikum.

Almennar kröfur til atvinnurekenda (sjá II. kafla)

1. Atvinnurekendur eiga að meta áhættu sem starf getur skapað ungmennum áður en ungmenni hefja störf. Tilgangurinn er að atvinnurekendur geti áttað sig á hvort starfið krefst sérstakra varúðarráðstafana – og ef svo er skal gripið til þeirra.
Í þessu sambandi má benda á vinnu þar sem líkamlegum eða andlegum þroska ungmenna getur verið hættu búin, t.d. vegna ofbeldis.
2. Atvinnurekandi á að tryggja að ungmenni fái fullnægjandi kennslu og leiðbeiningar þannig að tryggt sé að vinnan sé ekki hættuleg öryggi þeirra eða heilsu.
3. Vinnan skal fara fram undir viðeigandi eftirliti af einstaklingi sem er orðinn 18 ára og hefur nægilega innsýn í eðli vinnunnar.
4. Atvinnurekanda ber að kynna foreldrum eða forráðamönnum barna hugsanlega áhættu og allar ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.
5. Atvinnurekandi skal kynna ungmennum þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði; jafnframt skal hann kynna starfsmönnum, sem starfa með ungmennum, og þeim sem annast öryggismál fyrirtækisins kröfur til vinnu ungmennanna.

Vinna sem er bönnuð ungmennum (sjá III. kafla og viðauka 1–3)

Í viðaukum með reglugerðinni eru ítarlegri skilgreiningar en áður þekktust um hvað teljast vera hættulegar vélar, hættuleg verkefni, hættuleg efni og hættuleg störf. Það sem fellur undir þessar skilgreiningar er bannað ungmennum. Þó eru störf unglínga, sem eru nauðsynlegur hluti af iðn- eða starfsnámi, í flestum tilvikum undanþegin banni, enda séu slík störf nauðsynleg til að ljúka námi.

Dæmi um tæki og verkefni sem eru bönnuð ungmennum (sjá Viðauka 1A, 1B og 1C):

1. Fjöldi tækja og verkefna eru talin upp í viðauka 1A í reglugerðinni sem ungmenni mega ekki vinna við eða með.
2. Almenn er ungmennum bannað að stjórna vinnuvélum nema þau hafi til þess tilskilin réttindi, þ.e. séu orðin 17 ára og hafi tekið próf til að stjórna vinnuvél.
3. Ungmennum er einnig almennt bannað að stjórna dráttarvélum. Undantekning er gerð fyrir unglínga 15 ára og eldri utan vega ef þeir vinna í fjölskyldufyrirtæki (t.d. á bændabýli), svo fremi dráttarvélin sé ekki tengd öðru tæki með drifskaftri. Unglingar 16 og 17 ára mega á vegum og utan vega aka dráttarvél með tengibúnaði en án drifskaftri, hafi þeir ökuréttindi eða réttindi til að aka dráttarvél.

Dæmi um hættuleg efni sem ungmenni mega ekki vinna við eða með (sjá viðauka 2)

Í viðauka 2 í reglugerðinni eru talin upp ýmis hættuleg efni sem ungmenni mega ekki vinna með, t.d. eitrefni ýmiss konar, ætandi efni, sprengifim efni og önnur efni sem hafa í för með sér hættu á heilsutjóni.

Um vinnutíma 13–15 ára barna

Þessi börn mega vinna 2 klst. á dag og 12 klst. á viku á meðan skólinn er starfandi. Þegar skólinn starfar ekki mega 13 og 14 ára börn vinna 7 klst. á dag eða 35 klst. á viku en 15 ára börn mega vinna 8 klst. á dag eða 40 klst. á viku.

Meginreglan er sú að börn mega ekki vinna á tímabilinu frá kl. 20–6 og þau skulu fá minnst 14 klst. samfellda hvíld á sólarhring og minnst 2ja daga hvíld á hverju 7 daga tímabili (sunnudagur innifalinn).

Vinna í vinnuskólum sveitarfélaga (sjá VI. kafla)

Hefðbundin störf við garðyrkju- og hreinsunarstörf á vegum vinnuskóla sveitarfélaganna eru leyfð ungmennum 13 ára og eldri enda sé um létt og hættulítil störf að ræða.

Vélavinna 15 ára og eldri í vinnuskólum takmarkast við vinnu með handsláttuvél og vélorf og er þeim skylt að nota öryggisskó, heymarhlífar og andlitshlíf. Önnur vélavinna er bönnuð. Sérstakar kröfur eru gerðar til hæfni og þjálfunar verkstjórnenda. Kynna skal foreldrum og forráðamönnum barna og unglunga í vinnuskólum ráðningarkjör og öryggisráðstafanir sem gerðar eru.

Vinna ungmenna á sviði menningarmála, lista, íþróttar eða auglýsinga (sjá VIII. kafla)

Börn er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttar eða auglýsingastarfsemi. Heimilt er að ráða börn yngri en 13 ára til slíkra starfa að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins. Er þetta eina undantekningin frá banni við vinnu barna yngri en 13 ára.

Ungmönnum er almennt bannað að stjórna dráttarvélum. Undantekning er gerð fyrir unglunga 15 ára og eldri utan vega ef þeir vinna í fjölskyldufyrirtæki (t.d. á bændabýli), svo fremi dráttarvélin sé ekki tengd öðru tæki sem er drif- og vökvaknúið frá henni.

Unglingar, 16 og 17 ára með ökuréttindi eða réttindi til að aka dráttarvél, mega á vegum og utan vega aka dráttarvél svo fremi dráttarvélin sé ekki tengd öðru tæki sem er drif- og vökvaknúið frá henni.

